Reykjavíkurborg
Borgarstjórinn í Reykjavík

Reykjavík, 16. nóvember 2020
R20110234

Borgarráð

***Íþróttahús í Laugardal***

Lagt er til að ÍTR, ÍBR, SFS, Knattspyrnufélaginu Þrótti og Glímufélaginu Ármanni verði falið að fara yfir fyrirliggjandi þarfagreiningu og hugmyndir um íþróttahús í Laugardal

***Greinargerð***
Á fundi borgarráðs 3. september 2020 var samþykkt að forgangsröðun varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja, sem fram kemur í skilabréfi stýrihóps um stefnu í íþróttamálum, verði höfð til hliðsjónar við 10 ára fjárfestingaáætlun Reykjavíkurborgar.
Nýtt íþróttahús í Laugardal var eitt þeirra verkefna sem raðaðist mjög ofarlega í forgangsröðinni. Nauðsynlegt er að rýna fyrirliggjandi hugmyndir um nýtt íþróttahús í Laugardal með tilliti til notkunar fyrir skóla, íþróttafélög og almenning og vegna hugmynda um þjóðaríþróttahöll fyrir inniíþróttir í Laugardal. Ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort um verið að ræða sérstakt hús eða þeim þörfum sem skilgreindar verði megi mæta í nýrri Þjóðarhöll í innanhúsíþróttum í Laugardal.

Dagur B. Eggertsson